

Reikningsskilaráð ríkisins

17. Fundur – 13. mars 2018 kl. 09:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingbór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Margrét Björk Svavarsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 16. fundar samþykkt.

2. Stofnefnahagsreikningar

Búið er að stilla upp stofnefnahagsreikningum fyrir allar stofnanir ríkisins, þar af hafa um 90% verið sendir út til staðfestingar. Þeir stofnefnahagsreikningar sem hafa ekki verið sendir út eru með meira flækjustig svo sem hjá Landhelgisgæslu, Hafrannsókarstofnun og Veðurstofu. Í tengslum við gerð stofnefnahagsreikninga stofnana voru vandamál sem tengdust áföllnu orlofi og bundu eigið fé.

- Ákvörðun var tekinn að stofnanir fái bætt áfallið orlof sem var tekið inn í stofnefnahagsreikninga en ráðuneytið þarf að gefa út hvernig staðið verður formlega að leiðréttingunni.
- Bundið eigið fé. Þar liggja ekki endanlegar ákvarðanir fyrir og tengist það einnig afgreiðslu á bandormi um markaðar tekjur hjá Alþingi. Það flækir einnig tekjuuppgjör ársins 2017.

3. Ríkisreikningur 2017, staða ársuppgjörs

Búið er að skila til uppgjörssviðs yfir 200 liðum sem eru ekki háðir óvissu svo sem vegna reikningsskilabreytinga. Ýmsir þættir hafa komið upp sem hafa aukið flækjustig uppgjörsins eins og:

- Spurt var hvort laun sem voru greidd i mars 2018 vegna fyrra árs, ætti að færast á 2017. Hvernig verður farið með launabætur.
- Færslur vegna fjárfestingar og fjárfestingaframlaga. Tengist eignaskrár stofnananna sem enn er verið að leiðrétta. Allar færslur þessu tengdu eru a lokastigum.
- Kröfur Ofanflóðasjóðs a sveitarfélög verða færðar niður þar sem lánaskilmálar eru með þeim hætti að ekki er í öllum tilfellum gert ráð fyrir að lán séu að fullu greidd upp, reikningshaldið og fjárlög þurfa að endurspegla þetta en í fjárlögum er gert ráð fyrir afskriftum.
- Ákveðið hefur verið að hætta útgáfu á stóru bók ríkiseikningsins á pappír, heldur verði hann gerður aðgengilegur í rafrænni útgáfu á netinu.

4. Reikningsskilastaðlar, framhaldsumræða

Umræðu frestað til seinni funda.

5. Lagabreytingar 52.gr. LOF, vinnuhópur

Tillaga vinnuhópsins er að halda tilvísun í ársreikningalögin. Þar er regluverk sem er þekkt og skýrt sem veitir leiðsögn um framsetninguna. Teljum hins vegar mjög mikilvægt að opna á IPSAS og bæta við 52.gr. Fjallað verður um málið frekar á næsta fundi.

6. Önnur mál.

- Lokafjárlög 2016 eru til afgreiðslu hjá Alþingi og þarf að fá staðfestingu hvenær þau verða afgreidd en brýnt er að það verði fljótlega.
- Frumvarp til staðfestingar ríkisreikningi samkvæmt LOF þjónar svipuðu hlutverki og lokafjárlög hafa gert til þessa. Mikilvægt að fljótlega liggja fyrir hvert innihald og framsetning þessa frumvarps á að vera.

Ekki var annað rætt, fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 11. apríl kl. 9:00